

Minnisblað**Mál: 1512002 – Gæðahandbók og ferlar****Tillaga um vottaða gæðastjórnun og ráðningu gæðastjóra**

Í minnisblaði um gæðamál sem lagt var fyrir bæjarráð 21. apríl sl. var lagt til að ráðinn yrði gæðastjóri hjá Hafnarfjarðarbæ til að undirbúa innleiðingu gæðakerfis og gæðastaðla og sinna málaflokknum að innleiðingu lokinni.

Talað var um að æskilegt væri að fyrstu árin yrði um að ræða 100% starf á meðan undirbúningur og innleiðing stæði yfir en endurskoða mætti starfshlutfallið að þeim tíma loknum þ.e. eftir að vottun hefði fengist á gæðakerfið. Stöðugildið gæti mögulega skipst á tvo einstaklinga en þá væri aðeins annar þeirra hinn formlegi gæðastjóri.

Frekari útfærsla með tímasetningum og tillögum um fjármögnun stöðugildisins:

- ✓ Lagt er til að verkefnið fari formlega af stað í september/október í ár. Æskilegt er að staða gæðastjóra verði auglýst laus til umsóknar í haust. Viðkomandi gæti þá væntanlega hafið störf í lok september. Síðan þarf að gera ráð fyrir stöðugildi gæðastjóra í fjárhagsáætlun 2017.
- ✓ Undirbúningur að innleiðingu staðalsins hæfist samkvæmt ofangreindu á haustmánuðum. Lagt er til að byrjað verði á þremur sviðum, þ.e. fjármálasviði, stjórnsýslusviði og umhverfis- og skipulagsþjónustu. Ástæðan fyrir því að lagt er til að byrjað verði á þessum þremur fagsviðum er sú að það yrði of umfangsmikið að taka starfsemi bæjarins fyrir í heild en með því að byrja á hluta verður til vinna og reynsla sem nýtist áfram yfir á alla starfsemina. Mikil ferlavinna hefur þegar átt sér stað hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu, öll starfsemi byggingarfulltrúa er t.a.m. nú þegar í ferlum. Þetta gildir einnig um stjórnsýsluna og fjármálin að einhverju leyti, því þónokkuð hefur verið mótað af ferlum fyrir starfsemi sviðsins, t.d. launavinnslna og ákveðna þætti sem snúa að starfsmannamálum.
- ✓ Stefnt er að því að innleiðingu og vottun á gæðakerfi hjá þessum þremur sviðum verði lokið fyrir árslok 2018. Miðað við þær upplýsingar sem aflað var í heimsóknnum til annarra stofnana og fyrirtækja sem hafa innleitt gæðastaðla má gera ráð fyrir að það taki um 5 ár í heildina að innleiða gæðastaðala og fá vottun á þá hjá öllum fagsviðum bæjarins. Þessari vinnu yrði því lokið fyrir lokið á árinu 2021.

Hafnarfirði, 17. maí 2016

Kristján Sturluson, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs

Berglind G. Bergþórsdóttir, mannauðsstjóri



HAFNARFJÖRÐUR

Stjórnsýslusvið